

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

Skýrsla Óðinssvæðis á umdæmisstjórnarfundi 22 jan.2011

Starfið byrjaði með stjórnarskiptum í klúbbunum Fyrstu voru 3 okt. hjá Skjálfanda og Herðubreið sem voru með sameiginlegan fund og þau síðustu í Grími í Grímsey 17 nóv.og gengu þessi stjórnarskipti bara vel. Þau ánægulegu tíðindi gerðust að á stjórnarskiptum hjá Emblum voru teknir inn 2 nýjir félagar (voru skráðar í september í sparnaðarskini) og hjá Kaldbak 1 nýr félagi og eru félagar í svæðinu í dag slétt hundrað. Það var gaman að heimsækja klúbbanna og kynnst starfi þeirra og þó að grunnurinn sé sá sami eru útfærslunar mismunandi í klúbbunum og lærði ég ýmislegt í þessum heimsóknunum. Einn félagi lést á tímabilinu Sigurður Sigurðsson Öskju Vopnafirði 20 nóv.s.l.

Fyrsti svæðisráðsfundur var haldin 6 nóv. í Kiwanissalnum í Sunnuhlíð. Þar voru mættir fulltrúar úr öllum 7 klúbbum svæðisins og Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri. Sigfús Jóhannesson fyrrverandi svæðisstjóri flutti síðustu skýrslu sína. Fulltrúar frá öllum klúbbum skiluðu skýrslum og lýstu stafi sínu. Þar kom fram enn og aftur hvað staða klúbbanna er misjöfn en það er mikið og gott starf í gangi í svæðinu. Óskar sagði okkur frá stöðu mála í Kiwanisumdæminu og starfinu framundan. K- lykill, hjálmaverkefni og nýja heimsverkefnið og ný svæðisskipting sem á að taka gildi í haust. Hann svaraði síðan spurningum fundarmanna t.d. um val á fyrirmyndarklúbbum en mikil óánægja ríkir um nýtt fyrirkomulag á því. Þá var rætt um hjálmanna og leiðindin í kringum þá á síðasta ári. Bæði kvað þeir komu seint og svo rangar upplýsingar um notkunargildi þeirra og vissum við ekki annað en að þá mætti nota sem skíðahjálma og afhentum þá sem slíka. Fréttum ekki fyrr en í haust þegar neytendastofa sendi út athugasemdir um hjálmana að þeir væru ekki ætlaðir til notkunnar á skíðum og skíðabrettum.. Fundarmenn voru sammála um að þettað er nokkuð sem má ekki koma fyrir aftur því Kiwanis hjálmarnir eru okkar besta auglýsing og meigum við ekki skemma fyrir okkur með svona klúðri en nóg af nöldri. Óskar taldi öruggt að hjálmarnir bærust tímanlega í ár. Margt fleira bar á góma og lá við að umdæmisstjórinn sem var tímabundin missti af flugi suður. En við Óðinsfélagar vorum nú mun fróðari eftir þessa heimsókn.

Áfram var fundað þó Óskar færi og var meðal annars rætt um Færeyjaferð Óðinssvæðis sem er fyrirhuguð í vor og á Benedikt Kristjánsson í Skjálfanda allan heiður af undbúningi ferðarinnar. Einnig var rætt um sameiginlegt styrktar

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

verkefni svæðisins sem er tækja gjöf til barnadeildar sjúkrahússins en tæki þetta átti að vera komin fyrir löngu en einhverstaðar er fyrirstaða og endalaus dráttur á komu þess. Þetta var ágætis fundur og miklar umræður. Emblur sá um veitingar.

Af fjölgunarmálum er lítið aðfrétta . Ég held að maður á mann aðferðin sé það sem gefst okkur best. Við Emblur erum með fund 1.feb. þar sem við verðum með kynningu og erum búnar að bjóða til okkar nokkrum konum og vonandi kemur eitthvað út úr því.

Skýrsluskil hafa verð góð og eru allir klúbbar búnir að skila sínum skýrslum. Þar kemur fram mikið og blómlegt starf í svæðinu.en vissulega mismikið eftir klúbbum og gerir fámenni minni klúbbunum erfitt fyrir með að halda uppi líflegu klúbbastarfi og ekki mikil von um fjölgun. Tölur fyrir þessa þrjá fyrstu mánuði eru samkvæmt skýrslum t.d.fjáröflun í styrktarsjóð 1.353.516 kr. Veitt fé úr styrktarsjóði 1.831.650 kr. Vinnustundir 1445 Ég var búin að reikna út mætingarprósentu sem var mjög glæsileg en þori ekki að setja hana hér á blað óendurskoðaða.

Lára Einarsdóttir
Svæðisstjóri Óðinssvæðis